

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2020/179**

2022/EES/26/28

frá 3. febrúar 2020

**um samþykki fyrir breytingum á nákvæmri skilgreiningu fyrir brenndan drykk en
heiti hans er skráð sem landfræðileg merking (Berliner Kummel) (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 frá 17. apríl 2019 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu og merkingu brenndra drykkja, notkun heita brenndra drykkja í kynningu og merkingu annarra matvæla, vernd landfræðilegra merkinga fyrir brennda drykki, notkun etanóls og eimis úr landbúnaði í áfenga drykki og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 110/2008 ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 30. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Samkvæmt 21. gr., í tengslum við 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 ⁽²⁾, tók framkvæmdastjórnin til athugunar umsókn Þýskalands frá 28. september 2017 um samþykki fyrir breytingum á tækniskjalinu fyrir landfræðilegu merkinguna „Berliner Kummel“, sem nýtur verndar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 110/2008.
- 2) Reglugerð (ESB) 2019/787, sem kemur í stað reglugerðar (EB) nr. 110/2008, öðlaðist gildi 25. maí 2019. Samkvæmt 1. mgr. 49. gr. þeirrar reglugerðar er III. kafli reglugerðar (EB) nr. 110/2008 um landfræðilegar merkingar felldur úr gildi frá og með 8. júní 2019. Samkvæmt 2. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 skulu tækniskjöl, sem lögð eru fram fyrir 8. júní 2019 sem hluti umsóknar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 110/2008, teljast forskriftir fyrir afurð.
- 3) Eftir að framkvæmdastjórnin komst að þeirri niðurstöðu að umsóknin væri í samræmi við reglugerð (EB) nr. 110/2008 birti hún umsóknina um breytingarnar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* ⁽³⁾ eins og krafist er skv. 6. mgr. 17. gr. þeirrar reglugerðar, í samræmi við fyrstu undirgrein 4. mgr. 50. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787.
- 4) Þar eð framkvæmdastjórninni hefur ekki borist nein tilkynning um andmæli skv. 1. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 ætti að samþykkja breytingarnar á forskriftinni skv. 2. mgr. 30. gr. þeirrar reglugerðar sem gildir að breyttu breytanda um breytingar á forskriftum afurða.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*Breytingarnar á nákvæmri skilgreiningu á heitinu „Berliner Kummel“, sem birtar voru í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, eru hér með samþykktar.*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. febrúar 2020

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,**Fyrir hönd forsetans,*

Janusz WOJCIECHOWSKI

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 37, 10.2.2020, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 71/2022 frá 18. mars 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(¹) Stjtið. ESB L 130, 17.5.2019, bls. 1.

(²) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 frá 15. janúar 2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1576/89 (Stjtið. ESB L 39, 13.2.2008, bls. 16).

(³) Stjtið. ESB C 316, 20.9.2019, bls. 24.